

reynist ekki getur Löggildingarstofan þegar í stað krafist tafarlausra úrbóta af hálfu endurskoðunarverkstæðis, ákveðið að breyta umfangi faggildingar eða ákveðið að afturkalla faggildingu.

Kostnaður sem af slíkri aðgerð hlýst, skal greiddur af endurskoðunarverkstæðinu.

19. gr.

Kostnað við faggildingu, árlegt eftirlit o.fl. sem tilgreindur er í gjaldskrá Löggildingarstofunnar skal endurskoðunarverkstæðið greiða á gjalddaga.

20. gr.

Endurskoðunarverkstæði skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 345, 20. ágúst 1993.

Viðskiptaráðuneytið, 29. nóvember 1994.

F.h.r.

Porkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

7. desember 1994

Nr. 632

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts.

Fasteignamat ríkisins hefur samið skrá um álagningarstofn fasteignaskatts í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, og er álagningarstofninn tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildarentak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefnur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 604/1994 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 90/1990 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1995 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 494 2. desember 1993.

Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1994.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.